



Leyfisbréf – Vinnuskóli 2020

Vinnuskóli Svalbarðsstrandarhrepps verður starfandi í sumar fyrir ungmenni fædd 2007, 2006, 2005 og 2004, þ.e. fyrir 7. til 10. bekk. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 11. apríl. Ekki verður tekið við skráningum eftir það. Skráning í Vinnuskólann er á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps www.svalbardsstrond.is/thjonusta/vinnuskoli.

Nemendur geta aðeins hafið störf hafi þeir skilað undirrituðu leyfisbréfi frá forráðamanni og þarf að skila því inn við skráninguna. Nánari upplýsingar um skipulag Vinnuskólans er að finna á sömu vefslóð. Sérstakur kynningarfundur um starfsemi Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps verður haldinn í Valsárskóla föstudaginn 5. júní kl. 14:00 fyrir nemendur fædda 2004, 2005, 2006 og 2007 (7.-10. bekk). Foreldrar/forráðamenn velkomnir með á fundinn. Á fundinum verður farið yfir verkefni sumarsins, skiptingu í hópa, vinnureglur og launakjör.

Litið er svo á að ef ungmenni mætir ekki á fundinn eða tilkynnir ekki forföll muni hann ekki þiggja vinnu við Vinnuskólann.

Leyfisbréf fyrir Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps 2020

Ég undirrituð/undirritaður gef (nafn nemanda og kennitala)

leyfi til þess að sækja um vinnu í Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps sumarið 2020.

Foreldri/forráðamaður: _____

Sími forráðamanns: _____

Netfang forráðamanns: _____